

BORGARRÁÐ 19. október 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjaldtöku í Vetrargarðinum – MSS23100161

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort stefnt sé að gjaldtöku í fyrirhugaðan Vetrargarð í Jafnaseli? Borið hefur á umræðu þar sem það er jafnvel fullyrt að taka eigi gjald af þeim sem hyggjast njóta Vetrargarðsins. Fulltrúi Flokks fólksins hefur miklar áhyggjur ef þetta verður raunin því gjaldtaka mun útiloka börn frá efnaminni og fátækum foreldrum. Gjaldtaka mun þannig stuðla að aðskilnaði barna í hverfinu þ.e. þau sem geta heimsótt Vetrargarðinn og þau sem geta það ekki. Utanumhald á slíku fyrirkomulagi sem gjaldtaka er, er auk þess kostnaðarsöm.